

Miðvikudaginn 18. mars 1998.

Nr. 114/1998.

Ríkislögreglustjóri

(Jón H. Snorrason saksóknari)

gegn

Jóhanni Stefánssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. mars 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 12. sama mánaðar. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 10. mars 1998 um að banna varnaraðila brottför úr landi allt til þriðjudagsins 28. apríl nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi, en til vara, að farbanni verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar ákvörðunar héraðsdóms.

Rannsókn á ætluðum brotum varnaraðila, sem sætt hefur takmörkun á ferðafrelsi frá 10. október 1997, er nú lokið, og hefur ákæra verið gefin út á hendur honum. Í ljósi þessa þykir rétt að fallast á kröfu sóknaraðila um, að varnaraðila verði bönnuð brottför úr landi, svo að kostur gefist á að ljúka meðferð málsins fyrir dómi. Farbanni í þessu skyni verður þó ekki markaður lengri tími en í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Varnaraðila, Jóhanni Stefánssyni, er óheimil för úr landi allt til miðvikudagsins 15. apríl 1998 kl. 16.